

ALDUR
9-12

Leiðbeiningar um skólaverkefni

Þessar leiðbeiningar innihalda hugmyndir og tillögur að verkefnum fyrir þekkingu og verkefnum þar sem allur skólinn, foreldrar og aðrir hagsmunaaðilar taka þátt í að stuðla að notalegu umhverfi án aðgreiningar.

Sú nálgun að hafa alla sem tengjast skólanum með í verkefnunum er mjög mikilvæg. Börn á flótta öðlast ekki aðeins þekkingu í skóla, heldur byggja þau upp mikilvæg félagsleg tengsl og sambönd sem tengja þau við samfélag sitt með tilstuðlan foreldra, kennara, skólastjórnenda og félagasamtaka.

ÁÐUR EN HAFIST ER HANDA

Leiðbeiningar um þátttöku flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og farandfólks í skipulagningu kennslustunda.



Áður en þú tekur að þér kennslu sem fjallar um flóttamenn, umsækjendur um alþjóðlega vernd eða farandfólk er gott að gefa sér tíma og hugsa um nemendur sem eru í bekknum. Eru einhver með stöðu flóttafólks, í ferli að sækja um alþjóðlega vernd eða eru jafnvel einhver sem eru ríkisfangslaus? Ef svo er, væri skynsamlegt að tala við viðkomandi nemendur og foreldra þeirra um verkefnin sem eru fram undan. Þetta fer að sjálfsögðu eftir aldri nemendanna.

Ef mögulegt er skaltu nota hugmyndir og endurgjöf frá foreldrum og nemendum og vísa í þau til að svara spurningum, þó aðeins að því gefnu að þau hafi tekið það skýrt fram að þau hafi áhuga á að svara spurningum eða ræða um þessi mál.

Ríkisfangslausir einstaklingar hafa ekki formlegt ríkisfang í neinu landi. Ríkisfangsleysi getur komið fram í mörgum mismunandi aðstæðum. Til dæmis eru sumir þjóðernis- eða trúarhópar ekki viðurkenndir

samkvæmt landslögum sem ríkisborgara þess lands, sum börn eru fædd utan þess lands þar sem foreldrar þeirra eru ríkisborgarar og geta hvorki öðlast ríkisborgararétt í því landi þar sem þau fæddust né í landi foreldrar sinna.

Sum lönd eru með lög sem banna barni að erfa ríkisfang móður sinnar við fæðingu. Ríkisfangslausir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með að fá aðgang að grundvallarréttindum svo sem menntun, heilbrigðisþjónustu, atvinnu og ferðafrelsi. Án þessara réttinda er viðbúið að fólk upplifi ýmiskonar hindranir og erfiðleika.

Farið varlega í að nota orð eins og „land“ og „þjóðerni“ ef það eru ríkisfangslausir nemendur í bekknum. Í staðinn er hægt að nota orðin „heimili þitt“ eða „menning þín.“

SKÓLAVERKEFNI

Hér eru nokkur verkefni sem miða að því að grípa til aðgerða.

HÆFNIVIÐMIÐ

1 | Að auka skilning og samkennd með nýjum nemendum í skólanum.

Skref 1: Hvettu til umræðu um hvernig það er að vera nýkominn til landsins og byrja í nýjum skóla. Fáðu börnin til að velja umfjöllunarefni sem þau telja að væri gagnlegt að fá leiðsögn um.

Skref 2: Þetta gæti verið í formi rannsóknarverkefnis þar sem nemendur framkvæma könnun í skólanum þar sem þeir spyrja önnur börn hvernig það er að vera ný í skólanum. Þessi könnun getur verið nafnlaus, sé þess óskað.

Þau börn sem það vilja og finnst það ekki óþægilegt geta gefið sig fram til að fara í viðtöl hjá börnum sem taka að sér að framkvæma rannsóknina. Börn geta líka tekið viðtöl við foreldra sína um hvað þau þurfa að gera þegar nýtt skólaár hefst.

Skref 3: Börnin geta síðan skipulagt rannsóknina í sameiningu með því að nota stóra töflu í kennslustofunni þar sem þau geta skrifað niðurstöður úr rannsókninni. Síðan getur kennarinn aðstoðað við að skrifa leiðarvísi með niðurstöðunum úr rannsókninni sem búið er að skrifa á töfluna.

Tillaga að lokaorðum til umræðu – „Þetta hefur verið dýrmæt leið fyrir okkur til að læra hversu mikilvægt það er að vera góður og hjálpsamur við nýja nemendur í skólanum okkar. Við skulum sjá hvort við getum haldið þessu áfram saman þegar líður á árið.“

HÆFNIVIÐMIÐ

2 | Að læra hvernig á að vinna saman að því að skapa eitthvað sem allir geta tekið þátt í. Að skilja að framlag allra er mikilvægt.

Taktu þátt í skapandi samvinnu með flóttafólk sem þema og deildu því með samfélaginu, til dæmis með því að bjóða foreldrum eða með því að halda sýningu fyrir skólann.

Dæmi 1: Að búa til og halda sýningu.

Dæmi 2: Að halda danssýningu eða sýna leikrit

Dæmi 3: Að skipuleggja ljóðaflutning.

Dæmi 4: Að skrifa sögubók.

Tillaga að lokaorðum til umræðu – „Þetta var frábært verkefni og allir lögðu sitt af mörkum. Það er dýrmæt leið fyrir okkur til að læra hversu mikilvægt framlag hvers og eins er.“

HÆFNIVIÐMIÐ

3 | Að gefa börnum og fjölskyldum tækifæri til að læra hvernig er að búa saman í samfélagi.

Halðið móttökukvöld eða mánaðarlegan morgunverð fyrir nýja nemendur í skólanum í upphafi hvers skólaárs með leikjum sem veita öllu samfélaginu tækifæri til að hafa samskipti sín á milli. Börnin geta valið leiki, búið til drykki og mat eða sungið lag til að bjóða alla velkomna.

4

HÆFNIVIÐMIÐ

Að læra hvernig á að vinna saman að því að skapa eitthvað sem allir geta tekið þátt í. Að skilja að framlag allra er mikilvægt.

Skrifið sögu eða ljóðabók fyrir börn til þess að hjálpa þeim að skilja reynslu barna á flóttu. Bókina mætti síðan gefa á skólabókasafnið eða annað bókasafn í hverfinu. Hvert barn gæti einnig átt eintak af bókinni.

Tillaga að lokaorðum til umræðu – „*Þetta var frábært verkefni og allir lögðu sitt af mörkum. Það er dýrmæt leið fyrir okkur til að læra hversu mikilvægt framlag hvers og eins er.*“

5

HÆFNIVIÐMIÐ

Að sýna aðstæðum barna á flóttu sem eru nýkomin til landsins samkennd.

Skrifaðu bréf til barna á flóttu sem eru nýkomin til landsins og lýstu því hvernig lífið er í skólanum í nýja landinu þeirra. Hægt er að leita leiða til að koma bréfum til þeirra barna sem eru nýkomin til landsins og eru að hefja skólagöngu sínu.

Tillaga að lokaorðum til umræðu – „*Takk fyrir að skrifa þessi bréf fyrir börn sem eru nýkomin til landsins. Það er mikilvægt að velta fyrir sér aðstæðum annarra þegar við getum.*“

7

HÆFNIVIÐMIÐ

Að bjóða fjölskyldum að taka þátt í skólaverkefnum sýnir fram á hversu fjölbreyttur og áhugaverður bekkurinn er

Bjóddu foreldrum að koma með hugmyndir að verkefnum til að fagna Menningarlegum margbreytileika. Til dæmis matreiðslu eða öðru menningarstarfi. Haltu bekkjarfund þar sem þú kynnir lista yfir hugmyndir foreldra til að sjá hvaða hugmyndum börnin hafa áhuga á.

Tillaga að lokaorðum til umræðu – „Við þökkum öllum foreldrum fyrir þátttökuna.“

8

HÆFNIVIÐMIÐ

Að skilja stöðu flóttafólks í mínu landi.

Skref 1: Kannaðu fyrst hvort að foreldrar einhverra barna í bekknum eru flóttamenn. Ef svo er, spyrðu þá hvort þeir eru tilbúnir að deila reynslu sinni af því að vera flóttamaður með bekknum. Ef ekki, hafðu þá samband við félagasamtök sem aðstoða flóttamenn og spyrðu hvort það sé flóttamaður eða starfsmaður sem væri tilbúinn til þess að heimsækja bekkinn.

Skref 2: Hvettu börnin til að spyrja eins margra spurninga og þau geta til að reyna að skilja reynslu flóttamanna við að aðlagast nýju landi.

Skref 3: Hvettu börnin til þess að spyrja hvernig þau gætu lagt sitt af mörkum í þessu ferli. Biddu síðan allan bekkinn um að búa til verkefni sem felur í sér endurgjöf frá flóttafólkinu eða viðkomandi félagasamtökum.

Tillaga að lokaorðum til umræðu - „Við færum þakkir til allra sem hafa tekið þátt í heimsókn eða verkefni þar sem það er dýrmætt að geta lært um reynslu flóttamanna með gagnkvæmum samskiptum.“

Frekara kennsluefni má nálgast hér: unhcr.org/teaching-about-refugees

Developed by Mialy Dermish with contributions by Laetitia Lemaistre.

© 2023 UNHCR